



Áhrif námsumhverfis á yngstu börnin í leikskólunum

Sigrún Herdís Arndal

Lokaverkefni til B.Ed. prófs
Háskóli Íslands
Menntavísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Áhrif námsumhverfis á yngstu börnin í leikskólunum

Sigrún Herdís Arndal

Lokaverkefni til B.Ed. prófs í Leikskólakennarafræði
Leiðsögukennari: Hrönn Pálmadóttir

Kennaradeild
Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2011

Áhrif námsumhverfis á yngstu börnin í leikskólanum.

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til B.Ed. prófs við Kennaradeild,
Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

© 2011 Sigrún Herdís Arndal

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Prentun: Prentmet

Reykjavík, Ísland 2011

Ágrip

Mikill munur er á yngstu og elstu börnunum í leikskólunum. Því þarf námsumhverfið að vera sniðið að aldurshópunum. Í ritgerðinni verður tekið fyrir hvað einkennir yngstu börnin, hvað gerist í námi þeirra og þroska á þeim árum sem þau eru á yngstu deildunum. Fjallað er um æskilegt námsumhverfi og hvernig það þjónar grunnþörfum og daglegum venjum barnanna. Námsumhverfið er einnig skoðað út frá fagurfræði og vellíðan, farið yfir leiksvæði og efnivið, hvaða efniviður sé æskilegur og hvernig hægt er að raða leiksvæðunum upp. Að lokum er fjallað um samskipti; milli barna, milli barna og fullorðinna og milli foreldra og starfsfólks.

Efnisyfirlit

| | |
|------------------------------------------|----|
| Inngangur..... | 1 |
| 1. Yngstu börnin í leikskólunum..... | 2 |
| 1. 1 Nám og þroski..... | 2 |
| 1. 1. 1 Leikur..... | 4 |
| 1. 2 Viðhorf til yngstu barnanna..... | 6 |
| 1. 3 Grunnþarfir og daglegar venjur..... | 8 |
| 2. Námsumhverfi leikskólans..... | 10 |
| 2. 1 Fagurfræði og vellíðan..... | 13 |
| 2. 2 Leiksvæði..... | 14 |
| 2. 2. 1 Hreyfisvæði..... | 15 |
| 2. 2. 2 Heimilissvæði | 16 |
| 2. 2. 3 Sveigjanlegt svæði..... | 16 |
| 2. 2. 4 Kubbaskvæði | 17 |
| 2. 2. 5 Sand- og vatnssvæði..... | 18 |
| 2. 2. 6 Hvíldarsvæði..... | 18 |
| 2. 3 Efniviður..... | 19 |
| 3. Samskipti..... | 22 |
| Samantekt..... | 26 |
| Lokaorð..... | 27 |
| Heimildaskrá..... | 29 |

Inngangur

Hækkandi hlutfall yngstu barnanna innan leikskólanna er staðreynd og langur dvalartími þeirra er einnig staðreynd. Það er því orðið enn mikilvægara en áður að leikskólinn sé notalegur staður þar sem börnunum líður vel og að þeim sé þar búinn eins góður kostur og völ er á hvað varðar nám og þroska. Þessar staðreyndir urðu kveikjan að eftirfarandi skrifum, leitast var við að finna svör við því hvernig best væri staðið að skipulagningu sem snýr að umhverfi þeirra deilda innan leikskólanna sem yngstu börnin dvelja á og hvernig námsumhverfið gæti á sem bestan máta ýtt undir allhliða nám og þroska yngstu barnanna. Aðallega verður horft til efnislegs námsumhverfis barnanna en þó aðeins drepíð á hið óáþreifanlega.

Leikskólinn var samþykktur sem fyrsta skólastigið árið 1994 og er hann sem slíkur í sífelldri þróun og verða leikskólakennarar að vera vakandi fyrir breytingum, eins og til dæmis því að hlutfall yngri barna hefur aukist undanfarin ár og viðvera þeirra lengst. Eitt af hlutverkum leikskólakennara er að skapa uppbyggilegt námsumhverfi fyrir öll börn og stuðla að því að skapa ákjósanleg tækifæri til þroska og þróunar jákvæðrar sjálfsmyndar. Yngstu börnin eru ekki síður mikilvæg en þau eldri, þau þurfa líka að fá ríkuleg tækifæri til náms og athafna, jafnframt því að fá notið bernsku sinnar á sem bestan máta. Í *Aðalnámskrá leikskóla* (1999) kemur fram að leikskólinn sé fyrir öll börn, óháð menningu eða trú og verður umhverfi leikskólans að bera þess merki. Miklu skiptir að huga að þessu því við búum í fjölmenningsamfélagi. Í aðalnámskránni (1999) er einnig sagt að leikskólinn sé fyrir öll börn, óháð andlegu og líkamlegu atgervi, því er mikilvægt að námsumhverfið sé í sífelldri athugun og aðlögun að barnahópnum hverju sinni.

Í fyrsta kafla verður fjallað um yngstu börnin í leikskólanum, hvað einkennir þau, nám þeirra og þroska. Einnig verður komið inn á viðhorf til yngstu barnanna og þá helst hvernig viðhorfin hafa breyst í tímans rás. Námsumhverfið er aðalefni ritgerðarinnar en í kafla tvö verður fjallað um grunnþarfir barna, fagurfræði og vellíðan, leiksvæði og efnivið. Að síðustu er svo komið inn á þau samskipti sem fara fram í leikskólanum gagnvart yngstu börnunum.

1. Yngstu börnin í leikskólunum

Vistun barna í leikskólum á Íslandi hefur þróast í þá átt að mikill fjöldi barna hefur leikskólagöngu sína strax við upphaf annars aldursárs eða jafnvel fyrr. Með auknu hlutfalli yngri barnanna í leikskólunum og lengri viðveru þeirra eykst þörfin á góðum aðbúnaði sem hannaður er sérstaklega fyrir þeirra þarfir. Gera má ráð fyrir að margir leikskólar búi ekki yfir þeim búnaði sem til þarf fyrir yngstu börnin, einfaldlega vegna þess að börn hófu lengi vel ekki leikskólagöngu sína fyrr en tveggja ára eða jafnvel seinna og jafnframt hafa viðhorf til barna breyst sem hefur áhrif á námsumhverfi þeirra.

Samkvæmt tölum Hagstofunnar (e.d.) voru um 22% barna í leikskólum á Íslandi tveggja ára eða yngri árið 1998. Árið 2009 var hlutfall þeirra orðið 32%. Frá 1998 til 2009 fjölgaði börnum í leikskólum landsins um 24% og hlutfall yngstu barnanna jókst um 10%. Einnig er vistunartími barna orðinn lengri en áður og hlutfall yngri barnanna í þeim hóp sem dvelur 9 klst. eða lengur í leikskólanum er að hækka. Um 19% þeirra barna sem höfðu 9 klst. viðveru eða lengri árið 1998 voru tveggja ára eða yngri. Árið 2009 var hlutfall þeirra orðið um 27% (Hagstofa Íslands, e.d.). Mikill munur er á eins árs börnum og fimm ára börnum, hægt er að gefa sér að mikill munur sé þá einnig á því námsumhverfi sem sinnir þörfum þeirra.

1. 1 Nám og þroski

Fyrstu þrjú ár af ævi hvers einstaklings eru mikilvægustu árin hvað snertir heilastarfsemina en þá er þroski heilans hvað mestur og hraðastur, heilinn hvað móttækilegastur fyrir nýrri reynslu, hann drekkur í sig alla reynslu og þekkingu sem verður á vegi einstaklingsins. Nútíma heilarannsóknir hafa leitt í ljós að kornabörn byrja að læra af umhverfi sínu strax í móðurkviði. Á fyrstu tveimur árum barnsins nær það meiri líkamlegum vexti og þroska en á nokkru öðru tímabili. Heilarannsóknir hafa sýnt sterkar vísbendingar um að ástand umhverfisins snemma á lífsleiðinni hafi áhrif á framvindu vitsmunapróska. Næring, umönnun, örvun og umhverfi, allt eru þetta þættir sem hafa áhrif á þroska heilans. Hvernig barnið þroskast og lærir veltur á samspili erfða og umhverfis, hversu örvandi og ríkt af námstækifærum umhverfið er. Umhverfið hefur ekki einungis áhrif á þroska heldur einnig á stærð heilans. Heilinn er um fjórðungur af endanlegri þyngd við fæðingu en við tveggja ára aldur er hann orðinn $\frac{3}{4}$ af endanlegri

þyngd. Mesta fjölgun heilafrumna og tenginga er fyrstu þrjú ár ævinnar. Tengingarnar haldast fyrsta áratuginn en fara síðan að hverfa ef þær eru ekki notaðar. Fjölgun tenginga í heilanum fer eftir því hversu mikla örvun og reynslu barnið fær. Í byrjun annars aldursárs fer minni barnsins að þróast þannig að barnið man eftir hlut þó að hann sé ekki sjáanlegur, það áttar sig á því að hluturinn hættir ekki að vera til þó hann sjáist ekki lengur. Hæfileikinn til að leika í þykjustunni myndast (Cole og Lightfoot, 2009, bls. 213–215; Frost, Wortham og Reifel, 2005, bls. 86–119).

Talað mál er partur af námsumhverfi barns og fyrstu tvö árin hefur það áhrif á vitsmunaproska. Rannsóknir sýna að börn sem búa við ríkt mál fullorðinna ná meiri vitsmunaproska en þau sem búa við lítið framboð talaðs máls. Vitsmunaproski er hraður og helst í hendur við stærðaraukningu heilans. Hreyfiþroski er einnig hraður, barnið þroskast frá því að geta einungis framkvæmt ósjálfráð viðbrögð yfir í að geta gengið upp stiga, hlaupið um og tínt upp í sig litla bita af mat (Frost o.fl., 2005, bls. 86–119).

Samkvæmt því sem Daniel Stern (1985) segir í kenningum sínum um þróun sjálfsins eru allir þroskaþættir jafn mikilvægir fyrir þróun sjálfsins. Stern er bandarískur sálkönnuður og þroskasálfræðingur. Hann setti fram kenningu um félagslega og huglæga upplifun barna og persónuleikaþróun. Hann segir að ungbarnið flokki tilfinningar strax frá fæðingu, að það skynji tilfinningar okkar með því að hlusta eftir tónfalli og raddblæ og horfi eftir augnatilliti, látbragði og líkamstjáníngju til að skilja. Stern segir reynslu ungra barna hafa gildi í sjálfu sér, að barnið læri fyrir sinn eigin kraft, hér og nú sem einstaklingur. Barnið þarf á þeim fullorðna að halda sem stuðningsaðila en ekki stjórnanda. Í kenningu Sterns er áherslan á félagslegan heim barnsins, á daglega reynslu og að barnið beri í sér áhuga á samskiptum við aðra. Stern byggir kenningu sína á nýlegum athugunum á meðvitund, skynjun, vitsmunum, athöfnum og ákveðnum tilfinningaþáttum barna. Fyrstu ár barnsins eru mjög þýðingarmikil og eru samskipti þar lykilatriði, því þarf barnið á traustu starfsfólki að halda í leikskólanum sem veitir því góða reynslu af traustum og öruggum samskiptum. Barnið þarf á því að halda að það sé mikilvægt í augum annarra, mikilvægt í augum starfsfólksins (Stern, 1985, bls. 13–34).

Þegar börn byrja í leikskóla eru þau á aldrinum eins til tveggja ára, þá eru þau að öðlast skynjun á hinu huglæga sjálfi. Þau skynja að þau hafi tilfinningar, væntingar og geti gert áætlanir eins og til dæmis ef barn finnur þörf fyrir faðmlag, væntir það þess að

fá faðmlag hjá starfsmanni og gerir áætlun um að nálgast starfsmanninn til að fá faðmlagið. Þannig fær barnið tilfinningu fyrir því að hægt sé að deila tilfinningum með öðrum. Eins fer barnið að átta sig á tilfinningum annarra (Stern, 1985, bls. 13–34).

Forsendur þess að barn geti þroskast er öryggi, það þarf að finna að það sé mikilvægt og að á það sé trúað. Sú reynsla og þekking sem barnið öðlast á fyrstu árum ævi sinnar hefur áhrif á námsmöguleika þess og hæfni í framtíðinni. Umhverfið spilar stórt hlutverk í möguleikum barnsins í þekkingarleit sinni og þroska. Umhverfið þarf að bjóða upp á öryggi en jafnframt fjölbreytta þroskamöguleika, það þarf að hvetja barnið til könnunar og að efla þekkingu þess (Frost o.fl., 2005, bls. 86–119; Stern, 1985, bls. 13–34).

1. 1. 1 Leikur

Börnin nota líkamann í sífelldum könnunum sínum, þau kanna nýja hluti með því að snerta, grípa um og máta við líkamann. Kannanir barnanna leiða síðan til leiks og samskipta (Frost o.fl., bls. 86–119).

Þau börn sem ekki eru farin að ganga þurfa meiri athygli en þau sem eru byrjuð að ganga um, því þau eru komin með leikþörf en fá ekki eins mikla útrás og gangandi börnin. Börn hefja nám sitt á könnun, þau kanna umhverfi sitt og byrja yfirleitt á því að kanna með munninum. Þau berja líka hlutum utan í eitthvað í könnun sinni og seinna fara þau að taka upp tvo hluti, berja þeim saman og færa á milli handa. Samhliða því að hreyfiproski barns eflist stækkar heimurinn fyrir því. Börn æfa hvern þann eiginleika sem þau uppgötva þar til honum er náð. Þegar eiginleikanum er síðan náð geta þau notað hann í leik og þannig þroskast leikurinn áfram og nýir möguleikar opnast fyrir barninu. Merkja má að barn yfirfæri könnun sína á leik þegar það fer að nota hlut í ákveðnum tilgangi og í ímyndun. Í könnuninni er hluturinn hlutlaus, en í leik vekur hann kátínu, hlátur og gleði. Að ná valdi á hreyfingu handanna er eitt af því sem börn á yngstu deildum leikskólanna kljást við. Þegar leikurinn verður meira áberandi verður efniviður sem vekur viðbrögð vinsæll, eins og til dæmis leikföng sem heyrast í þegar potað er í takka en slík leikföng eru tilvalin til að efla fínhyfingar, þar sem krafist er að barnið poti inn í, ýti á, togi í, snúi o.s.frv. (Frost o.fl., 2005, bls. 86–119).

Það fer heilmikið nám fram í söfnun og flokkun, á hverjum degi koma upp ótalmargir möguleikar fyrir börnin til að safna saman eins hlutum og um að gera fyrir þá

fullorðnu sem umgangast börnin að nýta þessi tækifæri og leiða börnin í slíka söfnun. Starfsfólk á yngstu deildum leikskólanna verður að hafa í huga að mikill þroski og nám fer fram hjá börnunum sem eru í þeirra umsjón, þau breytast mikið frá hausti fram á vor. Því þarf sífellt að ígrunda hvort efniviður og verkefni hæfi þroska barnanna (MacNaughton og Williams, 2009, bls. 2–41; Whalley, 2007, bls. 33–89).

Herminám og endurtekningar eru einkennandi fyrir yngstu börnin. Þau prufa sig áfram og endurtaka tilraunir sínar aftur og aftur. Eins ef þau sjá annað barn eða einhvern eldri framkvæma athöfn, þá herma þau eftir. Það er nauðsynlegt fyrir börn að vita að þau megi gera mistök. Hluti af námi þeirra er að sjá líka hvernig fer ef þau gera mistök, þess vegna er svo mikilvægt að þau séu ekki skömmuð ef þeim mistekst eða að þau finni neikvæðni í sinn garð þó þau geri mistök. Börnin eru að uppgötva að þau geta skapað, að þau geta sett sitt mark á tilveruna og að það sem þau gera skiptir máli. Skilningarvitin skynja nýja reynslu og barnið bætir á þekkingu sína, endurtekur athöfnina þar til nýja reynslan hefur náð tengingu við aðrar sem fyrir eru (Frost o.fl., 2005, bls. 86–119; Thorbergson, 2007, bls. 16–40).

Hlutverkaleikur byrjar á yngstu deildum leikskólanna, um tveggja ára aldur fara börnin að sjá fram í tímann, þau sjá pela og sjá fyrir sér að dúkkan eigi að drekka úr honum. Þau taka pelann upp og leita að dúkkunni svo þau geti gefið henni að drekka úr pelanum (Frost o.fl., 2005, bls. 86–119).

Yngstu börnin í leikskólanum eru að byggja grunninn að þekkingu sinni og grunnurinn er ávallt einn veigamesti þáttur bygginga. Þau upplifa eitthvað nýtt á hverjum degi, þau ættu alla vega að hafa möguleika á því. Þau eru nýbyrjuð eða rétt að ná tökum á því að ganga, halda á lit, mata sig sjálf og ýmislegt fleira. Þau eru í raun að átta sig á mörgu sem þau geta gert sjálf og umhverfi deildanna ætti því að hvetja þau áfram á þeirri þroskabraut og bjóða upp á margvíslegar leiðir til að gera tilraunir. Börnin eru könnuðir, vilja skoða hluti, kanna hvernig þeir eru, hvernig þeir virka. Þau vilja gera sjálf og prufa sig áfram. Þau taka upp hluti og bera þá um, fá svo áhuga á einhverju öðru og sleppa fyrri hlutum, því er mikilvægt að starfsfólk sé ekki of upptekið af því að allir hlutir eigi að vera á sínum stað. Taka verður tillit til þess að börnin röltu með leikefni á milli staða, það er hlutverk starfsfólksins að setja hlutina aftur á sín svæði án þess þó að setja ofan í við börnin eða trufla þau í athöfnum sínum. Heimurinn horfir öðruvísi við börnum en fullorðnum, börnin hafa barnslegt sjónarhorn og sjá tækifæri og töfra allt í

kringum sig, starfsfólk ætti að setja sig í spor barnanna, láta reyna á barnslega sjónarhornið og hjálpa þannig barninu til náms og þroska, frá degi til dags (Goldschmied og Jackson, 2004, bls. 21–39; Gordon og Browne, 1996, bls. 249–260; MacNaughton og Williams, 2009, bls. 2–41).

Ef horft er til þess gríðarlega mikla þroska sem börnin á yngstu deildum leikskólanna ganga í gegnum má sjá hve þýðingarmikið er að starfsfólk sé meðvitað og nýti umhverfið til að efla nám og þroska barnanna eins og mögulegt er. Umhverfið getur verið ríkulegt af tækifærum fyrir börnin sem skila sér ekki til fullnustu nema starfsfólkið hafi trú á að börnin séu hæfileikaríkir og sterkir einstaklingar.

1. 2 Viðhorf til yngstu barnanna

Viðhorf til yngstu barnanna hefur breyst töluvert frá því sem áður var. Áður fyrr var viðhorfið þannig að fyrstu ár ævinnar væru biðtími þar sem einstaklingur biði eftir því að verða nógu stór eða gamall til að geta eitthvað. Þó má greina þessi viðhorf til barna enn þann dag í dag.

Ríkjandi viðhorf nú til dags eru þau að barnið byrji nám sitt jafnvel í móðurkviði og einnig er meira hlustað á börn, hvað þau vilja gera. Fagaðilar telja hlutverk sitt frekar vera fólgið í því að aðstoða börnin í þekkingarleit sinni en að segja börnum hvað þau eigi að gera og hvernig. Bernskan er ekki lengur biðtími heldur merkingarbær tími sem gefur börnum mikilvæga þekkingu og reynslu. Reynslan og þekkingin sem börnin öðlast á fyrstu árum ævinnar er grunnurinn að þróun sjálfsöryggis þeirra og námi framtíðarinnar. Sá fullorðni sem hefur umsjón með börnunum ætti að virða þau sem hæfileikaríka einstaklinga, nýta hvert tækifæri sem gefst í námsumhverfinu og þekkingarleit barnanna til að miðla þekkingu sinni til þeirra í leik og veita þeim ríka möguleika á að öðlast reynslu. Hafa ber í huga í samvistum við yngstu börnin í leikskólanum að þau geta ýmislegt sjálf og leita oft hjálpar hvert hjá öðru, það er ekki alltaf það besta að hinir fullorðnu skipti sér af (Thorbergson, 2007, bls. 16–40).

Það fer mikið eftir hugmyndafræði leikskólans hvaða viðhorf er ríkjandi gagnvart námi og þroska yngstu barnanna, en flestar kenningar ganga þó út frá því að barnið sé hæfileikaríkur einstaklingur sem er frjór í þekkingarleit sinni og þroska. Viðhorf starfsfólks kemur fram í starfi þess og því er endurmenntun mjög gagnleg svo að starfsfólk staðni ekki, heldur sé sífellt að ígrunda viðhorf sitt (Whalley, 2007, bls.

33–89). Viðhorf starfsfólks gagnvart foreldrum skiptir líka mjög miklu máli. Fyrir barnið er best að starfsfólkið sjái foreldrana sem þá einstaklinga sem eru mikilvægastir í lífi þess og trúir því að foreldrarnir vilji taka þátt í námi þess og þroska. Foreldrarnir verða að finna að starfsfólkið trúir á þeirra vitneskju um barnið og vilji fá þeirra innlegg og upplýsingar frá þeim um barnið. Ef þeir finna að þeir eru metnir sem virkir í námi barnsins verða þeir öflugri þátttakendur. Áður fyrr var viðhorfið þannig að foreldrar áttu ekkert að skipta sér af því sem fram fór í skólunum en nú hafa rannsóknir sýnt að það er öllum til góðs ef foreldrarnir taka þátt í námi barna sinna. Barninu gengur betur, sjálfsmynd þess eflist og það öðlast meiri trú á getu sína sem er gott fyrir barnið, foreldrana, skólann og samfélagið allt (Whalley, 2007, bls. 33–89). Menntun foreldra og reynsla þeirra af menntun hefur áhrif á viðhorf þeirra til barnanna. Ef foreldrar hafa neikvæðar minningar frá skólagöngu sinni eru tilfinningar þeirra til skólagöngu barna sinna oftast en ekki neikvæðar, og ef foreldrar hafa jákvæðar minningar frá skólagöngu sinni þá eru tilfinningar þeirra til skólagöngu barna sinna jákvæðar. Því er gagnlegt að kennarar afli sér upplýsinga um þennan bakgrunn foreldranna svo hægt sé að upplýsa þá, ef þurfa þykir, um mikilvægi fyrstu árána í lífi barnsins og nálgast þá í samræmi við þann bakgrunn sem þeir hafa. Lögð er nú mun meiri áhersla en áður á aðlögun barna þegar þau hefja leikskólagöngu sína. Á mörgum leikskólum er svokölluð þátttökuáðlögun, þar er gert ráð fyrir að foreldri eða forráðamaður sé með barninu allan vistunartíma þess fyrstu dagana. Þannig fæst tækifæri fyrir starfsfólkið til að kynnst foreldrunum og barninu, fyrir foreldrana til að kynnst því sem fram fer í leikskólanum og fyrir barnið að kynnst nýjum þætti í lífi sínu. Í Bretlandi eru leikskólar sem fara fram á að foreldri eða einhver nákominn barninu sé með því fyrstu tvær vikur þess í leikskólanum (Whalley, 2007, bls. 33–89).

Ætla má að í námsumhverfi barnanna sjáist viðhorf þess sem skipulagði það og með hvaða markmið í huga skipulagningin fór fram. Ef sá sem skipuleggur námsumhverfið hefur til dæmis það viðhorf til yngstu barnanna að þau séu hæfileikaríkir einstaklingar sem geta gert sjálf og vilja gera sjálf, þá setur hann ekki efnivið barnanna í mittishæð fullorðinna heldur setur sig í spor barnsins við skipulagninguna og hefur efniviðinn þar sem þau geta nálgast hann sjálf.

1.3 Grunnþarfir og daglegar venjur

Í *Aðalnámskrá leikskóla* (1999) kemur fram að leikur barnanna felur í sér nám, ný þekking sprettur fram, nýjar tilfinningar, leikni og athafnir. Leikurinn er ríkjandi athöfn hjá barninu og mikilvægasta náms- og þroskaleið þess. Nauðsynlegt er að starfsfólk átti sig á þessu og veiti börnunum frelsi og fjölbreytt tækifæri til leiks á degi hverjum.

Börn á þriðja ári eru orðin mjög hæfileikaríkir einstaklingar og geta gert margt sjálf, fá þau tækifæri til þess. Þau eru orðin nógu þroskuð til að taka sínar eigin ákvarðanir og ættu að fá tækifæri til þess svo þau geti öðlast betri sjálfsmynd og lært að treysta á sig sjálf. Umhverfið í leikskólanum þarf að bjóða upp á að þau hafi val, að þau sjái hvað stendur þeim til boða, bæði hvað snertir efnivið, starfsfólk og önnur börn. Eins þarf rýmið að gefa til kynna að grunnþörfum barnanna sé sinnt, eins og hvíld, næringu og snyrtingu. Þegar litið er til sjálfshjálpar ætti að hvetja þau til að gera sem mest sjálf. Starfsfólk þarf að hafa augun opin á hverjum degi til að geta séð hvort þörfum barnanna fyrir spennandi viðfangsefni sé mætt. Hvort skipta þurfi út efnivið, hvar kennari getur eflt leikinn með ábendingum eða hvort börnin séu orðin þreytt á einhverjum efnivið. Hreyfing er ein af grunnþörfum barnsins, þau verða að fá nóg pláss til að hreyfa sig frjálts á hverjum degi. Ef barn finnur að það getur treyst því að daglegum grunnþörfum þess sé sinnt í leikskólanum, öðlast það traust sem er forsenda þess að barnið geti upplifað nýja hluti og öðlast sjálfstraust til að reyna sjálf. Börn læra í gusum, ekki eftir beinni, fyrir fram ákveðinni línu. Þau geta verið örlát, eigingjörn, félagsverur eða viljað vera út af fyrir sig, allt nánast á sömu mínútunni. Þau eru stundum svolítið subbuleg í könnunum sínum en þau nota líkamann og skynfærin til að rannsaka, það er því að mörgu að hyggja fyrir starfsfólkið sem hefur umsjón með börnum á yngstu deildum leikskólanna (Gordon og Browne, 1996, bls. 249–260; MacNaughton og Williams, 2009, bls. 2–41).

Hvert barn og fjölskylda þess hefur sínar þarfir og verða kennarar að vera viðbúnir því og sveigjanlegir. Börnin þurfa að kynnast lýðræðislegum vinnubrögðum og ein leið til þess er að hafa þau með í ráðum í skipulagningu og taka tillit til óska þeirra ef þau láta þær í ljós. Koma skal fram við börnin sem sterka og hæfa einstaklinga sem hafa mikla þroskamöguleika, setja skal markmið fyrir hvert og eitt barn sem byggð eru á skráningu og mati. Ef deildarstjóri þekkir áhuga starfsfólksins á deildinni getur hann nýtt mannauðinn með því að setja starfsfólk í þau verkefni sem það hefur mestan áhuga

á. En sýnt hefur verið fram á að starfsfólk vinnur betur ef það hefur áhuga á verkefnum sem unnið er (Gordon og Browne, 1996, bls. 249–260; Whalley, 2007, bls. 33–89).

Þegar dagskipulag er annars vegar þarf að huga að heildarmyndinni, flæði yfir daginn en einnig hverri stund fyrir sig. Mikilvægt er að hafa jafnvægi á milli rólegheita og kraftmikilla athafna, eins að nógur tími sé á milli verka svo ekki myndist streita og reka þurfi á eftir börnunum. Ýmiss konar athafnir eru best framkvæmdar við borð, yngstu börnunum er hollast að hafa lág borð sem þau geta staðið við, þannig fæst meiri fjölbreytni í leikinn og meiri þjálfun fyrir kroppinn. Í sambandi við svefn hafa yngri börnin ekki úthald á við þau eldri og svefninn er oft óreglulegur hjá yngstu börnunum. Þau verða syfjuð þegar þau þurfa að sofa, þau finna þörfina fyrir að sofa og því ætti að leyfa þeim að fara að sofa þegar þau vilja, hafa opið inn á rólegt svæði eins og t.d. leskrók þar sem þau geta lagt sig ef þau finna fyrir þreytu (Gordon og Browne, 1996, bls. 249–260; MacNaughton og Williams, 2009, bls. 2–41; Thorbergson, 2007, bls. 16–40).

Í matartímanum geta tveggja ára börn séð um sig sjálf að miklu leyti, notað hnif og gaffal, hellt sjálf úr litlum könnum og skammtað sér sjálf á diskinn sinn. Þá eiga börnin auðveldara með að hjálpa sér sjálf ef þau sitja við lág borð. Borð og stólar í hæð barnanna bæta aðgengi og hreyfingar og hvetja til sjálfstæðis. Yngstu börnin þurfa ekki á bakstuðningi að halda þegar þau sitja, ef bakstuðningur er notaður án þess að þörf sé fyrir hann fær hryggurinn ekki þjálfun í að halda sér uppi. Umhverfi matartímans verður að bjóða upp á að börnin prufi sjálf, að þau megi hella niður og missa í gólfið. Snarl ætti að vera í boði fyrir börnin svo þau geti fengið sér þegar þau vilja á milli matmálstíma (MacNaughton og Williams, 2009, bls. 2–41; Thorbergson, 2007, bls. 28).

Barnið þarf að fá að leysa sín vandamál sjálf, ef upp koma hindranir skal ekki skipta sér af nema nauðsyn krefji. Sjá fyrst hvernig barnið leysir úr þeim hindrunum sem verða á vegi þess. Ef aðstoð er veitt ætti ekki að benda á lausnina heldur gefa vísbendingar. Ef barn getur leyst verkefni er mikilvægt að það sjái á starfsfólki að það hafi staðið sig vel, þó að það sé í buxunum öfugum eða úthverfum. Sýnum barninu að við metum gjörðir þess þó að við hefðum getað gert betur. Eins þarf barnið á því að halda að starfsfólk sé samstíga, að vita við hverju er að búast og til hvers er ætlast af því (Gordon og Browne, 1996, bls. 249–260).

Einstaklingsbundið er hversu lengi börnin halda einbeitingu og mismunandi á milli viðfangsefna, eitt barn getur haldið einbeitingu í langan tíma við eitt viðfangsefni en stuttan við annað. Svo getur verið alveg öfugt með annað barn, taka verður allt slíkt með í reikninginn við skipulagningu. Tíminn sem börnin halda einbeitingu lengist líka þegar þau eldast. Þekkja þarf börnin og skipuleggja eftir þeim, leyfa börnunum að fá sinn tíma til að klára (MacNaughton og Williams, 2009, bls. 2–41).

Regluleg tiltekt yfir daginn, sem allir taka þátt í svo að ekki verði óreiða, sýnir börnunum hvernig farið er vel með efniviðinn og gerir það að eðlilegri athöfn að ganga frá efniviðnum á sinn stað, starfsmaður kemur því inn í leikinn til að ganga frá efnivið sem enginn er að fást við (Goldschmied og Jackson, 2004, bls. 21–39; Gordon og Browne, 1996, bls. 249–260).

Litlu börnin eru virk í námi sínu allan daginn, því þarf starfsfólk leikskóla ávallt að hafa í huga hvaða tækifæri bjóðast barninu til náms og þroska. Í daglegri rútínu, matartíma, baðherbergisferðum og fataskiptum bjóðast ótalmörg tækifæri og mikilvægt er að kunna að nýta þau. Finna ríkuleg tækifæri sem bjóðast á meðan grunnþörfum barnanna er sinnt, nýta það sem umhverfið og augnablikið býður okkur.

2. Námsumhverfi leikskólans

Námsumhverfi barnanna er í raun allt það sem kemur fyrir í umhverfi þeirra, óáþreifanlegt sem áþreifanlegt. Barn lærir í gagnvirkum samskiptum við umhverfi sitt og umhverfið verður því að geta svarað barninu. Leiksvæði barnanna er þýðingarmikið rými í námi þeirra og þroska, það ætti alltaf að aðlaga að barnahópnum hverju sinni, að þörfum hans og möguleikum til mismunandi athafna. Umhverfi hvernar deildar er einstakt og er því í raun ekki hægt að setja fram uppskrift sem allir geta farið eftir og sem hentar öllum börnum. Hver leikskóli hefur sínar áherslur og fer eftir ákveðinni hugmyndafræði. Deildarstjórar hafa síðan mismunandi túlkun á hugmyndafræðinni og áherslum leikskólans og mismunandi viðhorf til náms barna og kemur það óhjákvæmilega fram í námsumhverfinu (Gordon og Browne, 1996, bls. 252).

Ann Miles Gordon og Kathryn Williams Browne (1996, 252–253) skilgreina námsumhverfi barnanna sem summu allra þeirra tækifæra sem hlutir og fólk í kringum börnin hefur upp á að bjóða í leik og starfi. Þær segja að kennarar skapi námsumhverfið

með tilfinningum sínum og viðhorfum, bæði í uppsetningu efnislegra hluta og með nærveru sinni með börnunum. Leikur barnanna og þroski litast af því umhverfi sem skapað er fyrir þau og því leikefni og möguleikum sem standa þeim til boða. Námsumhverfi barnanna getur haft mikið að segja um þróun sjálfsmyndar þeirra og hvort þau verði sjálfstæðir einstaklingar sem geti tekið sjálfstæðar ákvarðanir og leitað lausna.

Leikskólinn ætti að bjóða upp á bæði tækifæri og sveigjanlegt rými til mismunandi athafna. Námsumhverfi leikskólans er mikilvægt fyrir börnin og þarf að búa yfir nægum sveigjanleika til að geta aðlaðast börnunum (Thorbergson, 2007, bls. 16–40).

Ef einungis er litið á efnislegt námsumhverfi barna á yngstu deildum leikskólanna þá er það í raun allir efnislegir hlutir sem koma við sögu í lífi barnsins á meðan það dvelur í leikskólanum. Veggir, hurðir, stólar, borð, gluggar og annað efnislegt sem í kringum barnið er. Einnig allur sá efniviður sem barnið hefur aðgang að í leik sínum. Þess vegna er nauðsynlegt að horft sé á heildarmyndina þegar námsumhverfi barnanna er hannað og að ákveðið sé hvað umhverfið á að gera fyrir börnin áður en skipulagning hefst (Gordon og Browne, 1996, bls. 249–260). Miklu skiptir að starfsfólk sem kemur að skipulagningu námsumhverfis leggi alúð sína í verkið og sýni börnunum þá sjálfsögðu virðingu að veita þeim fjölbreytta möguleika á námi í öruggu og aðlaðandi umhverfi. Við skipulagninguna er hlutum raðað þannig að þeir hvetji börn til náms og þroska á öruggan og örvasandi hátt (MacNaughton og Williams, 2009, bls. 2–41).

Börn og starfsfólk dvelja lungann úr deginum í leikskólanum og því er nauðsynlegt að skapa námsumhverfi sem er aðlaðandi og þægilegt fyrir alla. Góð skipulagning þarfnast góðrar ígrundunar svo efniviður og rými nýtist á sem bestan máta (Goldschmied og Jackson, 2004, bls. 21–39).

Á yngstu deildum leikskólanna eru yfirleitt börn að þriggja til fjögurra ára aldri og mikill munur er á þroska eins árs barns og barns sem komið er á fjórða ár. Ef svo breiður aldursmunur er á deild verður að sníða námsumhverfið að því. Námsumhverfi er mun erfiðara að skipuleggja fyrir barnahóp þar sem börn eru á mismunandi aldri en einfaldara ef börnin eru öll jafn gömul. Huga verður að þroskaþáttum hvers barns og þróa námsumhverfið yfir árið eftir því hvernig hópurinn þróast og þroskast (Thorbergson, 2007, bls. 16–40).

Yngstu börnin á leikskólunum, eins til þriggja ára, hafa aðra sýn á heiminn en hinir fullorðnu. Þegar við sköpum umhverfi sem á að henta þeim og þeirra þroskamöguleikum sem best verðum við að setja okkur aðeins í þeirra spor, sjá umhverfið frá þeirra sjónarhorni. Horfa á deildina með barnslegu sjónarmiði. Heimur yngstu barnanna er t.d. ekki mjög hár, það leikefni sem er í boði fyrir þau má því ekki vera geymt það hátt uppi að börnin nái ekki í það. Kennarar sem skipuleggja umhverfi fyrir yngstu börnin verða að hafa hugann við allt ferli barnsins yfir daginn, frá því að það kemur á morgnana og þar til það fer seinni partinn. Æskilegt er að umhverfið taki vel á móti barninu og foreldri þess þegar þau koma inn á deildina, barninu verður að líða vel allan daginn og vera sátt þegar það fer að degi loknum. Umhverfið hefur mikið um það að segja hvernig okkur líður, ef umhverfið býður börnunum upp á ögranir og krefjandi verkefni þá líður þeim vel. Þau þurfa líka á því að halda að geta hvílt sig aðeins, verið út af fyrir sig eða setið og skoðað bók í ró og næði. Aðalatriðið er að barnið hafi val, geti ráðið því hvort það vill takast á við krefjandi verkefni, hvíla sig, lesa bók eða vera í samleik með öðrum börnum (Gordon, og Browne, 1996, bls. 249–260; Thorbergsen, 2007, bls. 16–40).

Það þarf ekki að kaupa allt nýtt þegar skipuleggja á leikskóladeild en sparnaður má ekki koma niður á gæðum og möguleika barnanna til náms og þroska. Leikefni ætti ekki að vera druslulegt og illa farið, til dæmis ætti ekki að bjóða börnum upp á púsl sem vantar kubba í. Í heimakrók ætti að vera notalegt, heillegir munir en ekki margs konar mismunandi hlutum blandað saman. Það er erfitt fyrir börnin að læra að ganga vel um og bera virðingu fyrir verðmætum ef þau fá bara drasl sem leikefni. Þegar námsumhverfi er skipulagt verður að hafa í huga hvaða möguleikar eru fyrir barnið með efniviðinn, ef við sjáum ekki að efniviður gefi barninu möguleika til náms á hann ekki heima á deildinni. Í heildarskipulagningu þarf einnig að gera ráð fyrir grunnþörfum barnsins, hvíld, næringu og hreinlæti, allt krefst þetta sveigjanlegra lausna. Námsumhverfið ætti að vera opið fyrir nýjum tækifærum, ekki síst vegna þess að leikur og undirbúningur fyrir leik krefst sveigjanlegs rýmis. Námsumhverfi leikskóla ætti að vera eins og leikhús, þar sem sífellt er hægt að breyta í nýtt þema og skapa nýja reynslu. (Bruce, 1996, bls. 39–51; Thorbergsen, 2007, bls. 16–40).

Að mörgu er að hyggja þegar skipuleggja skal umhverfi á leikskóladeild og eins og fram hefur komið verður það ekki gert í eitt skipti fyrir öll. Það þarf sífellt að huga

að hvort næg tækifæri séu fyrir börnin í umhverfinu og leiða má líkur að því að með því að vera með börnunum í leik þeirra sé auðvelt að sjá hvort þau nýti umhverfið á ríkulegan máta.

2.1 Fagurfræði og vellíðan

Vellíðan er stór þáttur í þroska barna, ef þeim líður ekki vel fara þau ekki af stað í þekkingarleit en ef þeim líður vel og þau geta samlagað sig umhverfi sínu vaknar forvitnin og þekkingarleitinn hefst (Bruce, 2006, bls. 46–50).

Þegar umhverfi er skipulagt fyrir yngstu deildir leikskólanna er að mörgu að huga og eitt mikilvægt atriði er vellíðan. Rýmið þarf að bjóða upp á öryggi og þægindi, vera auðvelt yfirferðar og fallett, bjóða upp á nóg pláss fyrir hreyfingu og útrás í hreyfingarska (Gordon og Browne, 1996, bls. 249–260).

Óþarfa hávaði ætti ekki að vera til staðar, eins og til dæmis tónlist í bakgrunni, helst þyrfti að vera rými þar sem börnin geta dregið sig í hlé ef of mikill hávaði myndast. Rannsóknir hafa sýnt að of mikið áreiti á sjón og heyrn veldur óróleika og stressi hjá börnum og getur staðið í vegi fyrir eðlilegum málþroska þeirra (Goldschmied og Jackson, 2004, bls. 21–39; Gordon og Browne, 1996, bls. 249–260; Thorbergson, 2007, bls. 16–40). Hreint loft skiptir líka miklu máli, því súrefni er nauðsynlegt fyrir unga vaxandi heila. Góð lýsing er sömuleiðis nauðsynleg fyrir vellíðan, rétt hitastig, lykt og nóg rými til að athafna sig (Bruce, 2006, bls. 46–50; Goldschmied og Jackson, 2004, bls. 21–39; MacNaughton og Williams, 2009, bls. 2–41; Thorbergson, 2007, 16–40). Rýmið þarf einnig að vera aðlaðandi, bjóða börn, foreldra og starfsfólk velkomið á hverjum degi, jafnframt því að stuðla að vellíðan barna og starfsfólks allan daginn. Foreldrar þurfa að finna að þeir séu velkomnir, að þeir geti sest niður og spjallað eða fylgst með börnunum (Goldschmied og Jackson, 2004, bls. 21–39; Whalley, 2007, bls. 33–89).

Litir ættu að vera hlutlausir, bjartir en samt ekki of bjartir. Eins ætti að vera fjölbreytni í litum því slíkt virkar hvetjandi á börn (Bruce, 2006, bls. 46–50; Thorbergson, 2007, bls. 16–40).

Rými sem býður upp á fjölbreytni og leiðir fyrir börnin til að hjálpa sér sjálf eykur sjálfstæði þeirra og sjálfstraust sem aftur vekur hjá þeim vellíðan (Goldschmied og Jackson, 2004, bls. 21–39; Gordon og Browne, 1996, bls. 249–260).

Það er mikilvægt fyrir yngstu börnin að leikskólinn sé ekki heimur sem er

algerlega ólíkur heimili þess, því ætti að reyna að gera deildina þeirra eins heimilislega og hægt er. Börn finna fyrir öryggi ef þau sjá myndir af sjálfum sér og fjölskyldumeðlimum sínum eða aðra kunnuglega hluti (Bruce, 1996, bls. 39–51; Goldschmied og Jackson, 2004, bls. 21–39).

Þegar gengið er inn á leikskóladeild ætti umhverfið að bera það með sér að þar sé lærdómssamfélag sem ber vitni um vellíðan. Áhrif rýmis geta verið svo sterk að líkamleg viðbrögð komi fram, fagurfræðilega vel skipulagt rými veldur vellíðan og jafnvægi (Thorbergson, 2007, bls. 16–40). Gardínur og önnur vefnaðarvara ætti að vera vel valin og hlýleg. Plöntum, myndum og húsgögnum raðað upp með heildarmynd í huga, því allt hefur þetta áhrif á þá reynslu sem skapast frá umhverfi deildarinnar. Herbergi getur verið þægilegt þó það sé flókið ef heildarmyndin og skipulagið er í lagi, á móti getur einfalt herbergi verið svelt af tækifærum. Umhverfi með heildarmynd og samfellu getur stuðlað að meiri orku, þolinmæði og einbeitingu (Thorbergson, 2007, bls. 16–40).

Börn öðlast sjálfsvitund með því að hafa sitt eigið rými, merkt með mynd af því sjálfu. Skúffu, kórflu eða eitthvað slíkt, sem barnið getur alltaf gengið að. Barnið getur geymt þar hluti sem veita því öryggi og alltaf gengið að þeim vísunum á þessum stað (Gordon og Browne, 1996, bls. 249–260).

Að skapa aðlaðandi umhverfi er ekki eitthvað sem gert er í eitt skipti fyrir öll. Það þarf sífellt að huga að umhverfinu svo við, og börnin, fáum ekki leið á því. Jafnframt þarf þó að hafa í huga að hver krókur hafi alltaf sinn samastað, til dæmis dúkkukrókur sé alltaf á sama stað en það er hægt að breyta innan króksins (Goldschmied og Jackson, 2004, bls. 21–39).

2. 2 Leiksvæði

Þegar skipuleggja skal námsumhverfi leikskóladeildar er margt sem þarf að hafa í huga eins og til dæmis hvernig umhverfið geti á sem bestan máta hvatt börnin til náms og þroska á öruggan hátt og að jafnvægi sé á milli opins og lokaðs efniviðar. Í leikskóla á búnaður og skipulag að örva leik barna, virkni þeirra og frumkvæði (*Aðalnámskrá leikskóla*, 1999). Gott er að hafa börnin með í skipulagningunni, sjá hvar áhugi þeirra liggur og setja niður skipulag með hliðsjón af því. Skipta ætti leiksvæðinu í einhvers konar stöðvar sem börnin geta farið frjálst á milli (Frost o.fl., 2005, bls. 86–119; MacNaughton og Williams, 2009, bls. 2–41).

Fjölbreytni er mikilvæg fyrir yngstu börnin en jafnframt líka stöðugleiki. Það er því best að hvert viðfangsefni hafi sama svæðið allan veturinn en það má skipta út efniviðnum, þó kannski ekki öllu í einu. Það er börnunum visst öryggi að hafa afmörkuðu svæðin sem fasta punkta. Leiksvæði barnanna verður ekki skipulagt í eitt skipti fyrir öll, það þarf sífellt að fara yfir heildarmynd svæðis og sjá hvað er gott og hvar má gera betur. Börnin eru í sífelldum rannsóknum og ef þau nýta ekki alla hluta svæðisins er nauðsynlegt að endurskipuleggja það. Góðar mottur sem auðvelt er að skipta um eru tilvalin leið til að breyta aðeins til, það þarf ekki mikið en síbreytilegt rými er alltaf spennandi. Það er alltaf hættu á að börnin verði leið á að vera inni í sama rýminu ef það er alltaf eins (Gordon og Browne, 1996, bls. 249–260; MacNaughton og Williams, 2009, bls. 2–41).

Stór spegill á einni hlið eða tveir sem mætast í horni, stækka rýmið og veita betri yfirsýn og speglar sem mætast í horni bjóða upp á margvíslegar upplifanir og tilraunir. Börnin geta fylgst með sjálfum sér og öðrum í athöfnum sínum og fá þannig nýja yfirsýn (Frost o.fl., 2005, bls. 86–119; Thorbergson, 2007, bls. 16–40).

2. 2. 1 Hreyfivæði

Æskilegt er að hafa opið svæði aðgengilegt fyrir yngstu börnin því þau þurfa á því að halda að ganga frjáls um og efla hreyfiproskann. Börnin verða líka að finna að þau eru frjáls, að þau geti hreyft sig að vild, það á ekki að vera neitt lokað svæði sem má bara nota í afmarkaðan tíma heldur alltaf. Hlutir sem hægt er að draga á eftir sér eða ýta á undan sér eru góður efniviður fyrir börnin á opnum svæðum og passa verður að ekki sé mikið af hindrunum á vegi þeirra þegar þau rölta um með þessa hluti. Ýmiss konar leikefni á hjólum sem börnin sitja á og ýta sér svo áfram með fótunum er líka hentugt fyrir slík opin svæði. Hreyfileikir ýta undir tengsl barnanna, þau vilja vera í samskiptum við aðra þegar þau hreyfa sig. Börnin þurfa að fá útrás fyrir mikla hreyfipörf og það er þeim eðlislægt að vera alltaf á hreyfingu, hreyfing veitir þeim gleði og ánægju. Púðahorn eru mjög góð fyrir börnin til að fá útrás fyrir hreyfipörf, best er að hafa þau í sér herbergi og mikið úrval af dýnum og stórum geometrískum púðum. Börnin geta raðað þeim upp, setið á þeim, ýtt þeim á undan sér o.s.frv. Einnig ætti að vera klifurveggur eða færanlegur klifurkassi, eitthvað sem börnin geta klifrað í, hangið, skriðið í gegnum og rennt sér niður. Tröppur upp við einn vegg geta líka komið sér vel í

klifri og þær væri síðan hægt að nota sem sæti í samverustund og plássið undir þeim notast sem geymsla. Það er mikilvægt fyrir litlu krílin að komast upp af gólfinu, það er mikil sigurstund þegar upp er komið. Best er ef börnin geta verið berfætt og fáklædd svo ekkert trufla skynjun þeirra og hreyfigetu (Frost o.fl., 2005, bls. 86–119; Goldschmied og Jackson, 2004, bls. 21–39; Thorbergson, 2007, bls. 16–40).

2. 2. 2 Heimilissvæði

Eitt mikilvægasta svæðið á deild yngstu barnanna, sem alltaf ætti að vera í boði, er eins konar heimiliskrókur. Börnin hafa mikla þörf fyrir að hafa eitthvað sem minnir á heimili og á slíku svæði geta þau upplifað sig heima fyrir. Eldhús er nauðsynlegt á hverju heimili og í heimiliskróknum ætti að vera eldhús sem endurspeglar heimili barnsins. Þar ætti að vera flest það sem hægt er að finna í venjulegu vestrænu eldhúsi, eins og pottar, pönnur, sleifar, pískar, diskar, glös, hnífapör, uppþvottabursti o.s.frv. Einnig stærri tæki eins og ísskápur, eldavél, uppþvottavél, ryksuga o.s.frv. Hægt er að útbúa þessi stærri tæki úr pappakössum eða einhverju slíku sem má skipta út þegar það fer að láta á sjá. Allir hlutir ættu að eiga sinn stað og hver staður að vera merktur með mynd svo börnin geti sjálf gengið frá. Einnig ætti allur efniviður að vera heillegur og fallegur, ekki samtíningur úr öllum áttum heldur heil sett. Hnífapör, sleifar og slíkt ætti að vera úr tré eða plasti fyrir þau yngstu til að tryggja öryggi þeirra. Dúkkur, dúkkuföt og dúkkurúm eiga sinn sess í heimiliskróknum. Gæta verður þess að hafa ekki of mikið af efnivið og að allt passi saman. Fyrir yngstu börnin ættu fötin á dúkkurnar að vera mjög einföld og ekki of mikið af þeim. Gott er að hafa misstórar dúkkur og rúm svo börnin læri að átta sig á stærðarmun, sjái hvað passar fyrir hvaða dúkku. Eins er gott að hafa föt fyrir börnin til að klæða sig í, en eins og fyrir dúkkurnar, bara einfaldan fatnað sem börnin geta hjálpað sér með sjálf. Það er heilmikið nám sem fer fram í heimiliskróknum, eins og til dæmis stærðfræði, hæfilega margir diskar, glös o.s.frv. Hlutverkaleikurinn þróast og félagsleg færni barnanna eflist, þau geta flúið raunveruleikann og hafið ímyndun á loft. Málþroskinn eflist í samleik og svo mætti lengi telja. Góður heimiliskrókur er eins og alvöru heimili (Bruce, 1996, bls. 39–51; Frost o.fl., 2005, bls. 86–119; Goldschmied og Jackson, 2004, bls. 21–39).

2. 2. 3 Sveigjanlegt svæði

Á leikskóladeildum þarf yfirleitt að gera ráð fyrir sveigjanlegu svæði, þ.e. svæði sem er

fjölnota, notað bæði fyrir matartíma og leikstundir. Fyrir slíkt svæði getur verið gott að eiga efni sem sett er yfir borðin til að breyta þeim í hús eða eitthvað slíkt. Litlar mottur sem settar eru á gólfíð gera svæðið huggulegra og hægt er að útbúa ýmiss konar aukahluti úr ódýrum efnivið. Börnin læra að setja upp svæðin með fullorðna fólkinu og fá þannig tilfinningu fyrir hlutunum, læra að bera virðingu fyrir þeim og að hlutirnir þurfi ekki alltaf að vera tilbúnir heldur sé hægt að skapa þá. Ef börnunum er bent á ýmis öryggisatriði, eins og að betra er að hafa þyngri hluti í neðri hillum og léttari hluti í efri hillum, læra þau að passa sjálf upp á slík atriði. Þegar hinir fullorðnu hafa börnin með í að skapa leiksvæði og setja upp efnivið finna börnin að borin er virðing fyrir leik þeirra og það er þeim hvatning til náms í gegnum leikinn (Bruce, 1996, bls. 39–51; MacNaughton og Williams, 2009, bls. 2–41). Lág borð sem börnin geta staðið við og púslað, eru æskileg og ágætt að hafa á sveigjanlega svæðinu. Þar er hægt að hafa í boði ýmsa leiki fyrir eflingu fínhyfinga o.fl. í þeim dúr. Púsl, eins og trépúsl með pinnum og púsl sem raðast á spjald, stórar perlur, flokkunarefni, efni sem raðast eftir stærð og lögum og svo ýmiss konar sköpunarefniviður eins og fjölbreyttar gerðir af pappír og litum, málning og málaratrönur. Þetta svæði ætti alltaf að vera opið börnunum, þau þurfa að geta farið í sköpun hvenær sem þau finna hjá sér þörf fyrir það. Börn hafa mjög gaman af frágangi á sköpunarsvæðum og fá heilmikið nám út úr slíkum athöfnum. Púsl, perlur og annað slíkt er gott að geyma í litlum kössum úr tré eða plasti, sem allir eru eins, þannig kemur fallegri heildarsvipur og endingartími efniviðarins lengist. Ef vantar bita í púsl missir það notagildi sitt og á bara heima í ruslinu (Frost o.fl., 2005, bls. 86–119; Goldschmied og Jackson, 2004, bls. 21–39).

2. 2. 4 Kubbasvæði

Kubbasvæði er mikilvægt fyrir alla aldurshópa og ætti alltaf að vera til staðar. Kubbasvæðið ætti helst að vera fyrir utan umgangssvæði, helst í sér herbergi. Æskilegt er að autt svæði sé í miðjunni fyrir byggingarnar og kubbarnir síðan geymdir í kringum það þannig að börnin hafi yfirsýn yfir þá kubba sem eru í boði. Best er að nota frístandandi kubba sem passa saman stærðfræðilega. Kubbarnir ættu að eiga sinn stað hver tegund og staðirnir merktir með mynd til að auðvelda börnunum að ganga frá sjálf. Fyrir yngstu börnin má ekki hafa of flókna kubba og ekki of margar tegundir. Best er að byrja með fá einföld form og bæta síðan við fleiri formum þegar leikurinn þróast. Gott

er að hafa tengjanlega kubba í boði af og til svo að börnin kynnist þeim líka. Kubbasvæðið getur líka nýst sem annars konar leiksvæði eins og til dæmis bílasvæði, þar sem börnin geta leikið með bíla, fólk, dýr og ýmis konar landbúnaðartæki. Hús af ýmsum gerðum sem geta verið bóndabæir, eða hvaða heimili sem er, þannig að börnin geti leikið með samfélagsmyndina (Bruce, 1996, bls. 39–51; Frost o.fl., 2005, bls. 86–119; Goldschmied og Jackson, 2004, bls. 21–39).

2. 2. 5 Sand- og vatnssvæði

Slík svæði er kannski ekki hægt að hafa alltaf í boði en mikilvægt er fyrir börnin að hafa þau oft aðgengileg því börn fá mikið út úr leik með slíkan efnivið. Þau kynnast eiginleikum vatnsins og sandsins og hvernig ýmsir hlutir haga sér í snertingu við vatn og sand. Stundum væri hægt að hafa saman bæði vatn og sand. Ýmsir hlutir eru góðir sem efniviður með vatni og sandi eins og til dæmis margs konar ílát, bæði heil og götött, og mokstursáhöld af ýmsum stærðum og gerðum. Hægt er að hafa bala eða fat á hjólum sem dregið er fram og haft á opna svæðinu en athuga verður að aðstaðan sé hentug fyrir börnin. Það má ekki vera of hátt upp í balann, leikefnið þarf að vera aðgengilegt í kringum hann og börnin þurfa að mega skvetta. Búa verður svo um að þau megi bleyta aðeins í kringum sig (Frost o.fl., 2005, bls. 86–119).

2. 2. 6 Hvíldarsvæði

Hentugt er að hafa hvíldarsvæði stúkað svolítið af, vera með dýnur, púða og teppi. Hægt er að hengja upp fallegar myndir til að gera notalegra. Hafa bækur til að skoða og lesa og ættu bækurnar alltaf að vera fallegar, ekki snjáðar og illa farnar. Fjölbreytni í bókavali en ekki of mikið af bókum; bækur sem börnin geta skoðað sjálf ættu þau að geta nálgast á eigin spýtur en þær bækur sem fullorðnir lesa með börnunum ættu að geymast úr auglýs barnanna. Svæðið getur boðið upp á að börnin fari þangað til að hvíla sig á erli deildarinnar ef þau eru þreytt. Börnin þurfa að vita af stað þar sem hægt er að hvíla sig, sérstaklega þau börn sem eru allan daginn á deildinni, stundum finna þau líka hjá sér þörf fyrir að vera ein (Frost o.fl., 2005, bls. 86–119; Goldschmied og Jackson, 2004, bls. 21–39; MacNaughton og Williams, 2009, bls. 2–41).

Svæðin eru mörg og huga þarf vel að þeim öllum. Verkaskipting gæti komið sér vel og gott getur verið að skipta svæðum niður á starfsfólk eftir áhuga þess. Hugsa þarf

að hverju svæði fyrir sig en einnig hvernig svæðið kemur út í heildarmynd deildarinnar. Svæðin þurfa ekki að vera flókin, aðalatriðið er að þau séu aðlaðandi og búi yfir ríkulegum námstækifærum fyrir börnin og efnivið sem ýtir undir nám og þroska barnanna.

2.3 Efniviður

Efniviður þarf að vera til þess fallinn að börn leiti lausna, að þau prufi sig áfram í leit að lausn á ákveðnu vandamáli, með því efla þau meðal annars sjálfstæði sitt. Það má ekki allt liggja í augum uppi, þau verða að fá að gera tilraunir, fá að prufa sig áfram þar til þau finna réttu leiðina, sem þarf ekki að vera sú saman hjá öllum. Efniviður er allt það sem börnin leika sér með. Ef barn tekur upp hlut og leikur sér með hann þá er hluturinn orðinn leikefni, efniviður í námi barnsins. Efniviðurinn þarf að vera fjölbreyttur hvað varðar menningu og kynþátt því fordómar byggjast á fáfræði og mikilvægt er að börn kynnist margbreytileika mannlífsins. Þýðingarmikið er að starfsfólk sé samstíga um hvaða efniviður á að vera tiltækur hverju sinni og hvar hvert svæði á að eiga sér samastað og sinn tilgang (Frost o.fl., 2005, bls. 86–119; MacNaughton og Williams, 2009, bls. 2–41).

Efniviðurinn er starfsfólkinu til aðstoðar við að efla nám og þroska barnanna. Góður efniviður laðar börnin að sér og fær þau til að leita lausna, spyrja spurninga og leita svara við þeim.

Allur efniviður ætti að vera staðsettur í hæð barnanna svo þau geti nálgast hann sjálf og góð leið til að hafa yfirsýn er að skipta deildinni niður í svæði með hálfgegnsæu efni, svo hinir fullorðnu sjái í gegn en börnin fái tilfinningu fyrir því að þau séu í friði (Gordon og Brown, 1996, bls. 249–260; MacNaughton og Williams, 2009, bls. 2–41). Efniviður sem barn sér en nær ekki í getur haft truflandi áhrif á leik barnsins. Barnið sér efniviðinn, sér tækifæri í honum og biður um hann. Of langur tími getur liðið þar til barnið fær efniviðinn í hendur og tilgangurinn getur verið gleymdur eða þá að barnið fær alls ekki efniviðinn og verður pirrað.

Í rými sem er vel útbúið af efnivið fá börnin tækifæri til að auka líkamlega og félagslega færni. Á yngstu deildum leikskólanna ætti að vera litríkt og fjölbreytt leikefni sem býður upp á alla þætti náms með fjölbreyttum möguleikum og hvetur til könnunar. Sá efniviður sem er sýnilegur börnunum ætti alltaf að vera í boði fyrir þau, það sem ekki

er í boði á ekki að vera sjáanlegt (Bruce, 2006, bls. 46–50; Gordon og Browne, 1996, bls. 249–260; Thorbergson, 2007, bls. 16–40).

Jafnrétti er eitt af þeim atriðum sem starfsfólk þarf daglega að passa upp á. Umhverfið má ekki ýta undir kynjamun, ekki má gera ráð fyrir að barn vilji þetta frekar en hitt, út frá kyni þess. Börn ættu að hafa jafna möguleika á öllum efnivið deildarinnar. Mjög líklegt er að leikföng heima fyrir séu valin fyrir barnið eftir kyni þess og því er enn mikilvægara að það hafi jafnan aðgang að öllum efnivið í leikskólanum (MacNaughton og Williams, 2009, bls. 2–41).

Skiptar skoðanir eru um það hvort kynhlutverk erfast og sú umræða verður ekki tekin upp hér en í leikskólanum er ekki æskilegt að ýta undir slíkt heldur gefa öllum börnum val um hvaða efnivið það vill. Allur efniviður ætti að vera jafnt í boði hvort sem um er að ræða strákar eða stelpu. Heimilissvæðið er til dæmis svæði þar sem bæði drengir og stúlkur hafa þörf fyrir að vera, öll börn þurfa á því að halda að vinna úr tilfinningum sínum í hlutverkaleik á svæði sem líkist heimili þeirra.

Í vali á efnivið fyrir heimilissvæði er aðalatriðið að hann ýti undir ímyndunaraflíð, hvetji til frumkvæðis og gefi kost á því að börnin noti upplifanir sínar til að vinna úr tilfinningum sínum, hvort sem er í samleik eða einleik. Góður dúkkurókur er eins og alvöru heimili (Bruce, 1996, bls. 39–51; Frost o.fl., 2005, bls. 86–119; Goldschmied og Jackson, 2004, bls. 21–39).

Ýmiss konar efniviður er heppilegur til að setja inn á deildirnar af og til, ekki vera alltaf aðgengilegur. Í raun eru endalausir möguleikar á slíkum efnivið, það þarf bara að sjá möguleikana í efniviðnum fyrir börnin, finna hið barnlega sjónarhorn sem býr innra með okkur en hafa jafnframt í huga þroskamöguleika barnanna, aldur og fyrri reynslu þeirra. Þegar börnin fá einhvern efnivið í hendur kanna þau hann og möguleika hans. Til dæmis eru alls konar rör tilvalinn efniviður. Börnin finna út að það má horfa í gegnum þau, blása í þau, berja þeim í eitthvað annað til að fá hljóð o.s.frv. Eins má láta annan efnivið vera með rörunum sem gefur meiri möguleika, til dæmis eitthvað sem getur farið inn í rörin. Alls kyns efnivið sem hvetur börnin til könnunar með öllum sínum skynfærum er tilvalið að koma með inn á deildina af og til, best er þó að hafa bara fá börn í einu í leik með slíkan efnivið. Skynjun er stór þáttur í námi yngstu barnanna og ýmiss konar efniviður sem hefur mismunandi áferð er tilvalinn fyrir þennan aldursþóp. Slá sem staðsett er nógu neðarlega á vegg, til að börnin nái í hana,

getur komið sér vel. Á hana er hægt að hengja ýmsan efnivið og börnin geta þá gengið að honum og skynjað með fingrunum. Gott er ef sláin er veggföst og þar af leiðandi alltaf inni á deild, en skipta skal út efniviðnum á slánni reglulega (Thorbergson, 2007, bls. 16–40).

Í kubbaleik byrja börnin með einfaldan efnivið og síðan bætist við eftir því sem leikurinn þroskast. Þegar leikurinn er kominn vel á veg getur verið gott að setja stundum aukaefnivið inn í leikinn, eins og alls kyns tréfigúrur, fólk, dýr, bíla, litla efnisbúta o.s.frv. Fyrir eldri börnin á yngstu deildunum er hægt að bæta inn í kubbana, eða hafa sér, flóknara byggingarefni eins og til dæmis skrúfur og rær, kubba sem hægt er að skrúfa saman og annað því um líkt. Efnivið sem er aðeins flóknari og gerir meiri kröfur (Frost o.fl., 2005, bls. 86–119).

Börnin byrja með einfalda kubba því efniviðurinn má ekki verða þeim um megn, þau verða að sjá lausnir, svo þegar þau hafa náð valdi á þeim kubbum sem settir eru fram í byrjun er flóknari kubbum bætt við. Þegar börnin hafa náð að gera byggingar sem þau vilja leika með er tilvalið að bæta við kubbaleikinn alls kyns aukahlutum eins og bílum, dýrum og slíku.

Bílar, dýr og aðrar figúrur eru best geymdar uppraðaðar, þ.e. að bílarnir eigi hver sinn stað og að dýrin standi eins og horft sé á mynd, þannig kallar slíkur efniviður á börnin í leik. Ef slíkur efniviður er geymdur í hrúgu ofan í kassa er hann ekki eins boðlegur í leik eins og ef hann er uppraðaður. Börnin læra líka að fara betur með efniviðinn ef þau geta gengið frá honum með því að stilla honum upp frekar en að kasta ofan í kassa (Frost o.fl., 2005, bls. 86–119; Goldschmied og Jackson, 2004, bls. 21–39).

Boltar eru efniviður sem börn hafa mjög gaman af og æskilegt að séu alltaf í boði fyrir þau, í þeirra sjónmáli. Boltarnir þjóna sínum tilgangi vel ef þeir eru í ýmsum stærðum, litum og gerðum (Frost o.fl., 2005, bls. 86–119). Yfirleitt hafa börn mjög gaman af boltum og það er efniviður sem alltaf er hægt að grípa í, til dæmis ef myndast stuttur biðtími er gott að geta gripið í einfaldan en skemmtilegan efnivið eins og bolta. Það er margt hægt að gera með bolta og tekur enga stund að ganga frá þegar komið er að öðru í dagskipulaginu.

Samkvæmt stigskiptri þroskakenningu Piaget ætti að bjóða börnunum á yngstu deildum leikskólanna upp á fjölbreyttan efnivið. Starfsfólkið ætti að leika við börnin, fylgjast með þroska þeirra í leiknum og vera tilbúið að bæta við verkefnum þegar barn

hefur náð tökum á fyrra viðfangsefni. Vatnsleikir eru mikilvægir að mati Piaget, barnið þarf að kynnast eiginleikum vatnsins og hvernig ýmsir hlutir haga sér í vatni. Starfsfólk ætti að afla tíma og efniviðar sem fær börnin til að hugsa og prufa nýja hluti, fá börnin til að leita svara og hvetja þau áfram í leik. Starfsfólki ber að fylgjast með þroska barnanna og passa upp á að efniviðurinn fylgi alltaf þroska þeirra (Frost o.fl., 2005, bls. 86–119).

Nægur vel valinn og aðgengilegur efniviður hvetur börn til frumkvæðis, sjálfvalins leiks og gefur fullorðnum tækifæri til að vera þátttakendur og leiðbeinendur í stað þess að vera stýrendur í athöfnum barnanna (Goldschmied og Jackson, 2004, bls. 21–39).

Eins og sjá má er efniviðurinn eða leikefni barnanna eitt það þýðingarmesta í námsumhverfi þeirra. Efniviðurinn laðar börnin í leik og gefur hinum fullorðnu tækifæri til að efla nám þeirra og þroska. Huga þarf vel að þeim efnivið sem börnunum er boðinn, æskilegt er að hann sé aðlaðandi og krefjist þess að spurningar vakni hjá börnunum en einnig að þau finni lausnir. Starfsfólk leikskólanna verður því að þjálfast í því að sjá hvernig efniviðurinn getur hvatt börnin til leiks að eigin frumkvæði og hvernig hægt er að leiða börnin áfram í könnunum sínum með efniviðnum. Efniviðurinn ætti einnig að hvetja til samskipta, bæði milli barnanna sjálfra en einnig milli barnanna og starfsfólksins því með samskiptum læra börnin enn meira.

3. Samskipti

Samskipti og tjáning eru mjög þýðingarmikil yngstu börnunum og börnin nota líkamann mikið í tjáningu og samskiptum, bæði við fullorðna og önnur börn. Samskipti við fullorðna er veigamikill þáttur í þroska barna. Starfsfólk leikskóla veitir börnunum aðgengi að efnivið til könnunar, fylgist með barninu og fylgist með könnun barnsins. Ef barnið á í erfiðleikum leiðir starfsfólkið það áfram í könnun sinni, í átt að fleiri möguleikum, til dæmis með því að tala um hvað barnið er að gera (Frost o.fl., 2005, bls. 86–119).

Tjáningar- og samskiptaþörf er mikil hjá börnum og eins hafa þau þörf fyrir að láta tilfinningar sínar í ljós. Aðstæður sem gefa börnum kost á fjölbreyttum og ríkulegum tækifærum til tjáningar eru því mikilvægar á deildum yngstu barnanna í leikskólunum. Starfsfólkið ætti að leggja áherslu á að skapa slíkar aðstæður svo börn

geti notið sín í samskiptum og notað umhverfi deildarinnar til aðstoðar í samskiptum sínum. Börnin læra af samskiptum, við hvert annað, við fullorðna og við umhverfið. Mikilsvert er að börnin geti valið hvenær þau vilja eiga samskipti, hvort sem það er við starfsfólk eða önnur börn. Börnin ættu því alltaf að sjá einhvern sem þau geta haft samskipti við. Orðaforði yngstu barnanna er takmarkaður og þess vegna er sérstaklega þarft fyrir þau að geta tjáð sig án orða. Samskiptin fara mikið fram með líkamlegum tjáskiptum, þau bregðast við og svara með líkamanum, þannig þróa þau vináttu sín á milli. Börn læra heilmikið þegar þau eru ein en að vera með öðrum býður upp á fjölbreyttari möguleika (Bruce, 1996, bls. 39–51; Thorbergson, 2007, bls. 16–40).

Yngstu börnin í leikskólunum þurfa mikla hreyfingu, þau eru að kanna heiminn, þau ganga frá einni stöð á aðra og oftast en ekki færa þau hluti á milli stöðva. Þau taka til dæmis einn bolla úr heimiliskrók og fara með hann yfir á kubbasvæði, en það er ekki vegna þess að þau séu viljandi að rusla til, heldur er það þeim eðlilegt að taka upp hluti til að kanna þá, síðan vekur eitthvað annað athygli þeirra og þau ganga af stað án þess að muna eftir því að þau eru með bollann í hendinni. Það ætti ekki að skamma þau fyrir þetta, starfsfólkið er fullfært um að flytja bollann aftur yfir í heimiliskrókinn þegar barnið hefur látið hann frá sér og misst áhuga á honum (Frost o.fl., 2005, bls. 86–119; MacNaughton og Williams, 2009, bls. 2–41).

Í samskiptum sínum við börnin verður starfsfólk að passa sig að taka ekki völdin, heldur leyfa börnunum að njóta sín, starfsfólk getur glætt leikinn lífi með þátttöku sinni en verður ávallt að gera það á forsendum barnanna. Starfsfólkið hefur áhrif á nám og þroska barnanna en nám og þroski fara einnig fram án þess að starfsfólk sé alltaf að skipta sér af. Starfsfólkið verður líka að leyfa börnunum að ráða ferðinni í samskiptunum. Einnig ætti starfsfólk að fá börnin til að leita í sinn hóp eftir aðstoð og bjóða sjálf fram aðstoð ef þau sjá að einhver á í vandræðum. Yngstu börnin eru að þróa með sér félagslegan leik, læra að eiga félag, eignast vini og leika með öðrum börnum en ekki í einleik við hlið annarra. Starfsfólk getur ýtt undir slík tengsl með því að skapa umhverfi sem býður upp á samleik barna frekar en einleik því í samskiptum sín á milli eykst félagslegur þroski þeirra og lífsleikni (Frost o.fl., 2005, bls. 86–119; Gordon og Browne, 1996, bls. 249–260; MacNaughton og Williams, 2009, bls. 2–41; Thorbergson, 2007, bls. 16–40).

Eitt merki um góðan kennara er að hann komi ekki strax með lausn fyrir barnið

heldur leyfi því að finna sína eigin lausn (Gordon og Browne, 1996, bls. 249–260).

Öryggi er mikilvægur þáttur fyrir yngstu börnin og verður því að gæta að þeim þætti þegar umhverfið er skipulagt, sjá til þess að umhverfið veiti þeim öryggi og traust til að þau geti upplifað innri ró og vellíðan (Stern, 1985, bls. 13–34; Frost o.fl., 2005, bls. 86–119). Ef þau finna ekki öryggi skerðast þroskamöguleikar þeirra, þau hefja ekki rannsóknir sínar fyrr en þau hafa upplifað umhverfið öruggt. Því skiptir það miklu máli á yngstu deildum leikskólanna að skapa börnum öryggi og traust og stuðla þannig að aukinni getu þeirra og gleði. Umhverfið þarf að vera öruggt, áhugavert og ánægjulegt (MacNaughton og Williams, 2009, bls. 2–41). Mikilvægt getur verið fyrir börnin að hafa eitthvað að heiman, eins og bangsa eða tuskudúkk, sem á sinn fasta stað svo börnin geti leitað huggunar hjá bangsanum ef á þarf að halda (Goldschmied og Jackson, 2004, bls. 30).

Í síbreytilegu þjóðfélagi með aukinni fjölmenningu verður leikskólinn að vera tilbúinn að mæta barni sem kemur úr öðrum menningarheimi, það barn og foreldrar þess verða líka að finna að þau eru velkomin. Kanna þarf bakgrunn væntanlegt barns og hafa tiltækt á deildinni eitthvað sem er því kunnuglegt þegar það kemur, samskiptin verða auðveldari ef fjölskyldan finnur að vel er tekið á móti henni. Heimilisaðstæður geta verið mjög ólíkar þó að börn komi úr sama menningarheimi og því er gagnlegt að vita heimilisaðstæður barnanna á deildinni, til dæmis hvort barnið á eitt eða tvö heimili og ef tvö, hvernig skiptist viðvera þess á milli heimilanna og hver er forræðisréttur foreldranna. Eins er mikilvægt að vita ef eitthvað kemur upp á í fjölskyldunni eða stórir atburðir eru í lífi barnsins. Gott er að vita vinnutíma þeirra sem næstir eru barninu, þannig er hægt að fá mynd af því hver er mest með barninu, hver er barninu mikilvægastur. Sérstaklega þarf að huga að þeim foreldrum sem hafa ekki góða reynslu af menntastofnunum, það þarf að sýna þeim að starf innan skólanna hefur breyst. Kynna fyrir þeim hið góða starf sem fer fram innan leikskólans, sýna þeim fram á að barnið þeirra lærir og þroskast í starfinu og að þátttaka þeirra skiptir miklu máli fyrir nám og þroska barnsins. Frumábyrgð á uppeldi barna liggur hjá foreldrunum, leikskólastarfið er viðbót við það (Whalley, 2007, bls. 33–89).

Upplýsingaflæði milli leikskólans og heimilis barnanna er mjög þýðingarmikið. Upplýsingatöflur eru algengar en hugsa þarf vel um þær. Upplýsingatafla ætti alltaf að vera snyrtileg með hnitmiðuðum skilaboðum, ekki of mörgum í einu og muna eftir

erlendu foreldrunum. Sá starfsmaður sem fer síðastur út af deildinni ætti að hafa það hlutverk að hreinsa skilaboðatöfluna á hverjum degi. Samtöl milli starfsfólks og foreldra um nám barnsins geta verið mjög gagnleg bæði fyrir foreldra og barn og jafnvel systkini. Starfsfólkið hefur líka gott af slíkum samtölum því það eflist í starfi með því að tala um hvað gert er. Það færir starfið í orð, nefnir þroskaþætti barnsins og orðar það nám sem barnið gengur í gegnum með gjörðum sínum. En varast verður að tala niður til foreldra, það er í góðu lagi að kynna fyrir þeim fræðiorð en á jafningjagrundvelli (Goldschmied og Jackson, 2004, bls. 23; Whalley, 2007, bls. 33–89).

Samskiptabók sem í er skráð sitthvað um nám barnsins, bæði í skóla og á heimili, getur verið vítamínsprauta í nám og þroska barnsins því þá eru meðlimir fjölskyldunnar og starfsfólk leikskólans með á nótunum og hjálpast að við að efla nám og þroska barnsins. Ef unnið er með verkefni í leikskólanum og starfsfólkið lendir í vandræðum með eitthvað getur það beðið um hjálp í samskiptabókinni. Kannski getur eitthvert foreldri komið með góð ráð og hjálpað til, jafnvel þó það foreldri komist aldrei í leikskólann, það skrifar bara ábendingu í samskiptabókina. Ef foreldri er í þannig stöðu að geta ekki tekið þátt í leikskólagöngu barnsins með því að mæta í leikskólann getur þetta verið þátttökuleið. Foreldrið eflist og það er barninu til góðs, oft er þetta staða feðra og þeim finnst jafnvel að þeir eigi ekkert að skipta sér af lífi barnsins í leikskólanum. Með svona litlum ráðum í gegnum samskiptabókina getur þátttaka þeirra byrjað og jafnvel orðið til meiri þátttöku af þeirra hálfu. Góð samskipti milli heimilis og leikskóla geta verið grundvallaratriði í námi barns og leitt til þess að samfella myndist á milli þessara tveggja heima barnsins. Ef samskipti eru góð og starfsfólk leikskólans sýnir að það trúir á þátttöku foreldra í námi barnanna, verða foreldrarnir viljugri til að taka þátt og þora að spyrjast fyrir um það sem þeir ekki þekkja. Námskeið eða fyrirlestra er gott að halda í samráði við foreldra, fá foreldra til að segja hvað það er sem þeir vilja helst fræðast um í sambandi við nám barna sinna. Taka verður tillit til þess að leiðir foreldra eru misjafnar og því verður að vera fjölbreytni í vali á fróðleik fyrir þá. Foreldrar sem taka þátt í skólastarfi eru meðvitaðir um nám og þroska barna sinna og hvetja börnin sín meira en þeir foreldrar sem ekki taka þátt. Þeir veita börnum sínum ríkulegri tækifæri til þroska og fylgja honum eftir (Whalley, 2007, bls. 33–89).

Samskipti eru barninu mjög mikilvæg, það lærir ekki án samskipta. Barnið finnur til meira öryggis ef það hefur möguleika á góðum samskiptum og ef það finnur

að samskipti eru góð á milli leikskólans og heimilisins. Með góðum samskiptum á milli heimilis og skóla myndast samfella í lífi barnsins í stað þess að það lifi í tveim heimum. Góð samskipti á milli starfsfólks hafa einnig mikla þýðingu, það er ruglandi fyrir barnið ef starfsfólk hefur ekki sömu væntingar til þess og það finnur líka ef andrúmsloftið er ekki gott á milli starfsmanna. Síðast en ekki síst er mikilsvert að barnið hafi góð samskipti við önnur börn, þau læra hvert af öðru og svo er miklu skemmtilegra að efla nám sitt og þroska í samveru en einveru.

Samantekt

Leitast var við að finna út hvernig best mætti haga námsumhverfi barnanna á yngstu deildum leikskóla, með það að markmiði að námsumhverfið nýttist börnunum í námi þeirra og þroska. Farið var yfir hvað það er sem einkennir börnin á yngstu deildunum og hvað þau þurfa umfram eldri börnin. Börnin eru á hröðu þroskaskeiði, þau þurfa að finna öryggi til að þau hefji þekkingarleit og æskilegast er að umhverfið bjóði upp á fjölbreytta möguleika til náms og þroska á öllum sviðum. Óáþreifanlegt umhverfi og áhrif þess á efnislegt umhverfi getur reynst einn mikilvægasti punkturinn í námsumhverfi yngstu barnanna.

Viðhorf starfsfólks hefur áhrif á hvernig efnislega umhverfinu er komið fyrir, hvort og þá hvernig það hefur áhrif á nám og þroska barnsins. Yngstu börnunum er öryggi mikilvægt, sem og vellíðan, þarfir þeirra kalla á að þau finni að grunnþörfum þeirra sé sinnt og að þau séu mikilvæg. Þá kemur hinn sterki og hæfileikaríki einstaklingur fram sem lætur fátt stoppa sig í þekkingarleit sinni ef nóg er af ríkulegum tækifærum í námsumhverfinu. Áherslur leikskólans, túlkun deildarstjóra og viðhorf starfsfólks, allt hefur þetta áhrif á dagskipulag deildarinnar, uppröðun leiksvæða og efnivið og öll þau samskipti sem fara fram í kringum barnið í leikskólanum. Viðhorf til yngstu barnanna hefur breyst frá því sem áður var, nú er litið á barnið sem einstakling með hæfni til samskipta og tjáningar frá unga aldri en ekki eingöngu sem kríli sem þarf bara að fá grunnþörfum sínum sinnt.

Það má því draga þá ályktun að mestu skipti í námsumhverfi barnanna á yngstu deildum leikskólanna að allt starfsfólk leikskólans líti á þau sem sterka og hæfa einstaklinga í sífelldri þekkingarleit. Einnig að starfsfólkið sjái til þess að börnin hafi ávallt ríkuleg tækifæri til náms og þroska og að það sé alltaf reiðubúið til að aðstoða

börnin í þekkingarleit sinni en kunni þó að halda sig til hlés þegar á þarf að halda.

Fjölmargar rannsóknir sýna að leiksvæði og efniviður barnanna þurfi að vera hlýlegt, fjölbreytt og ríkulegt af námstækifærum en jafnframt að fá barnið til að finna öryggi og vellíðan. Jafn mikilvægt er að öll samskipti séu góð, að barnið upplifi fjölbreytta möguleika á samskiptum við önnur börn og starfsfólk en einnig að samskipti starfsfólks og foreldra séu góð.

Lokaorð

Þegar vinna við ritgerðina hófst var einblínt á hið efnislega námsumhverfi barnsins. Fljótt kom það hins vegar í ljós að hið óáþreifanlega umhverfi skipti ekki síður máli. Leikskóli getur verið búinn finasta efnivið sem völ er á og uppsetningu efnislegs umhverfis eftir nýjustu og flottustu kenningum, en það er bara ekki nóg. Ef starfsfólkið hefur ekki rétta viðhorfið, er kannski enn í gamla tímanum þar sem litið var á fyrstu ár barnsins sem biðtíma, þá nýtist hið efnislega umhverfi ekki sem skyldi. Starfsfólkið þarf að hafa trú á barninu og hjálpa því til að sjá öll þau tækifæri sem bjóðast í efnislega umhverfinu. Deildarstjóri þarf að hafa trú á barninu og setja upp skipulag sem gefur því tíma og tækifæri til að sinna rannsóknar- og hreyfiþörf sinni. Leikskólinn þarf að hafa áherslur sem gefa í skyn að barnið sé hæfileikaríkur og sterkur einstaklingur sem tekur á þeim verkefnum sem verða á vegi hans.

Þroski eins til þriggja ára barna gerist hratt og á þessum árum er heilinn hvað móttækilegastur fyrir nýrri reynslu. Þetta er móttækilegasti aldur mannsins, það er því gríðarlega mikilvægt, miðað við langan dvalartíma þessa aldurshóps á leikskólanum, að námsumhverfið bjóði upp á ríkuleg tækifæri til náms og þroska. Námsumhverfið verður líka að þróast eftir þroska barnanna og áhuga, starfsfólk þarf sífellt að hafa það í huga við endurskoðun og endurbætur á umhverfinu.

Það væri mjög áhugavert að gera rannsókn sem tæki á viðhorfi starfsfólks gagnvart námsumhverfi leikskólanna og þá sérstaklega á yngstu deildunum. Spyrja spurninga eins og: Hvernig notar starfsfólk umhverfið sér til aðstoðar við að efla nám og þroska barnsins? Hvað er það sem ræður hvernig hið efnislega umhverfi er sett upp? Hver er hugsunin á bak við skipulagningu og uppsetningu dagskipulags? Hvað ræður því hvaða efniviður er fenginn inn á deildina? Eins væri áhugavert að fá starfsfólk til að svara spurningum um hvert leiksvæði fyrir sig. Hver sé túlkun starfsmanna á því námi

sem fer fram á leiksvæðunum og hvernig þeim finnist umhverfið, bæði efnislegt og óáþreifanlegt, koma að námi og þroska barnsins.

Eitt er öruggt og það er að vanda skal val og uppsetningu á umhverfi yngstu barnanna á leikskólunum. Á þeim tíma sem börnin dvelja á yngstu deildunum eru þau mjög móttækileg fyrir nýrri reynslu og það er samfélaginu til góðs að starfsfólk leikskólanna geri sér far um að stuðla að því að börnin komi af leikskólanum hæfir og sterkir einstaklingar sem geta tekið á móti þeim verkefnum sem verða á vegi þeirra. Þau eru bara þriggja ára þegar þau fara af yngstu deildunum en hafa þegar gengið í gegnum heilmikið nám og þroska, ef starfsfólkið hugar vel að tækifærunum í umhverfi þeirra verða þau enn hæfari en ella.

Heimildaskrá

- Aðalnámskrá leikskóla*. 1999. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Bruce, T. (1996). *Helping young children to play*. London: Hodder & Stoughton.
- Bruce, T. (2006). *Early childhood: a guide for students*. London: Thousand Oaks.
- Cole, M., Cole, S.R. og Lightfoot, C. (2009). *The development of children* (5. útg.). New York: Worth Publishers.
- Frost, J.L., Wortham, S.C., Reifel, S. (2005). Play: Infant and toddlers (bls. 86–119). Í *Play and child development*. New Jersey: Pearson Ed.
- Goldschmied, E. og Jackson, S. (2004). *People under three: young children in day care*. London: Routledge.
- Gordon, A.M. og Browne, K.W. (1996). *Beginnings & Beyond*. Albany, N.Y.: Delmar Publishers.
- Hagstofa Íslands. (e.d.). *Börn í leikskólum eftir aldri barna og lengd viðveru 1998–2009*. Sótt 15. mars 2011 af <http://hagstofan.is/?PageID=780&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=SKO01001%26ti=B%F6rn+%ED+leiksk%F3lum+eftir+aldri+barna+og+lengd+vi%F0veru+1998%2D2009++%26path=../Database/skolamal/lsNemendur/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi> .
- MacNaughton, G. og Williams, G. (2009). *Teaching young children: choices in theory and practice*. (2. útg.). New York: Open University Press.
- Stern, D.N. (1985). Exploring the infant's subjective experience: Perspectives and approaches to infancy (bls. 13–34). Í *The interpersonal world of the infant. A view from psychoanalysis and developmental psychology*. New York: Basic Books.
- Thorbergesen, Eli. (2007). *Barnehagens rom: nye muligheter*. Oslo: Pedagogisk Forum.
- Whalley, M. (2007). *Involving parents in their children's learning*. (2. útg.). London: Paul Chapman.